



ÞVOTTAHÚSSREGLUR

Reglur þvottahússins eru settar til að tryggja góða þjónustu og stuðla að umhverfisvernd.

Opnunartími:

- **Tekið er við** óhreinum þvotti mánudaga til fimmtudaga í hádeginu kl. 12:10–13:10.
- **Afhending** á hreinum þvotti fer fram daginn eftir í kaffitímanum kl. 15:20–16:00.
 - Nema á föstudögum, þegar afhending fer fram í hádeginu kl. 12:00–13:00.
- Aðgangur að þvottahúsinu er bannaður þegar þvottatæknir er ekki á staðnum.

Ábyrgð:

- Þvottahús ber ekki ábyrgð á skemmdum eða týndum þvotti.
- Nemendur eiga að tæma vasa fyrir þvott.

Merkingar:

- Allur þvottur skal vera skýrt og greinilega merktur með þvottanúmeri nemenda.
 - Merkingar þarf að yfirfara reglulega þar sem þær geta dofnað með tímanum.

Hámarksþyngd:

- Hámarksþyngd fyrir hvern þvott er 4 kg.
 - Betra er að koma oftar með minni skammta.

Vigtun og flokkun:

- Nemendur vigta sinn þvott sjálfir, og þvottatæknir skráir þyngdina á þvottanúmerið.
- Mikilvægt er að flokka rétt í viðeigandi þvottakörfur í þvottahúsinu.

Umhverfisvernd:

- Spörum þvottinn og komum ekki með hrein föt í þvott.
- Notum fötin oftar á milli þvotta, til að lengja endingartíma þeirra.
- Sérstaklega er mikilvægt að nota handklæði alla jafna oftar en einu sinni, þar sem það er orkufrekt að þvo og þurrka þau.